

L Ö G

um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febr. 1940.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir 173. gr. komi ný grein, 173. gr. a, svofelld:

Hver, sem andstætt ákvæðum laga um ávana- og fíkniefni lætur mörgum mönnum í té ávana- og fíkniefni eða afhendir þau gegn verulegu gjaldi eða á annan sérstaklega saknæman hátt, skal sæta fangelsi allt að 10 árum.

Sömu refsingu skal sá sæta, sem gegn ákvæðum nefndra laga framleiðir, býr til, flytur inn, flytur út, kaupir, lætur af hendi, tekur við eða hefur í vörslum sínum ávana- og fíkniefni í því skyni að afhenda þau á þann hátt, sem greint er í 1. mgr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 21. maí 1974.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.

L Ö G

um ávana- og fíkniefni.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt fyrir Íslands hönd að gerast aðili að alþjóðasamningum um ávana- og fíkniefni.

Hugtakið ávana- og fíkniefni í lögum þessum tekur einnig til ávana- og fíknilyfja.

2. gr.

Varsla og meðferð ávana- og fíkniefna, sem talin eru upp í 6. gr. laga þessara, er óheimil á íslensku forráðasvæði samkvæmt því sem nánar segir í 4. málsgri.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra er heimilt að mæla svo fyrir í reglugerð, að varsla og meðferð annarra ávana- og fíkniefna, sem sérstaklega mikil hættu er talin stafa af samkvæmt alþjóðasamningum, sé á sama hátt óheimil á íslensku forráðasvæði.

Ráðherra getur veitt undanþágu frá ákvæðum 1. og 2. málsgreinar, þegar sérstaklega stendur á og þá aðeins eftir þeim reglum og skilyrðum, er hann setur. Slíkar undanþágur eru ávallt afturtækar.